

Formannafundur KÍ 15. janúar 2025

Dagskrá

1. Fundur settur af Formanni Klifursambands Íslands.
2. Formenn klifurfélaga og -deilda kynna sig stuttlega.
3. Kynning á starfi Klifursambandi Íslands
4. Hækkun gjaldskrár kynnt.
5. Spurningar frá félögum.
6. Annað.

Mætt: Laufey Rún (KÍ), Friðrik Már (KÍ), Hilmar (KFR), Íris (KFÖ), Birkir Fannar (KÍ), Benedikt (KÍ).

Afboðuðu komu: Björgvin (Klifurfélag Vestfjarða), Páll Kolka (Fimleikafélagið Björk)

1. Fundur settur
2. Þátttakendur kynntu sig stuttlega
3. Laufey kynnti [starf Klifursambands Íslands](#)
4. Ákvörðun stjórnar um hækkun gjaldskrár kynnt. Gjaldskrá hækkar úr 2.500 í 2.700 kr. á iðkanda. Umræður. Viðstaddir samþykktu breytinguna.
5. Hilmar sagði frá keppnisvegg Walltopia sem er í eigu KFR og notaður hefur verið á RIG, en hefur verið geymdur í gámi. Veggurinn verður settur upp í húsnæði Bjarkarinnar í Hafnarfirði. Veggurinn mun nýtast í keppnum á vegum KÍ.
6. Rætt var um stefnu KÍ í útiklifri.
7. Íris spurði um stöðu á Toppstöðvarmálinu. Hilmar sagði frá sögu málsins og greindi frá því að kaupsamningur við Rvk. liggi fyrir, en eftir er að tryggja fjármögnun og ganga frá leigusamningum við þá aðila sem koma inn í húsið.
8. Laufey ræddi um stöðu KÍ gagnvart KFR sem öflugasta klifurfélags landsins. KFR hefur í reynd stutt starfsemi KÍ fjárhagslega á undanförunum árum og verið bakhjarl félagsins.